



Fimmtándi stjórnarfundur landsstjórnar DKG haldinn föstudaginn 16. apríl 2025, kl. 12.00 – 14.00.

Mættar voru:

Árný Elíasdóttir landsforseti, Málfríður Þórarinsdóttir 1. varaforseti, Rósa Marta Guðnadóttir meðstjórnandi, Ásta Egilsdóttir ritari og Vilborg Ása Bjarnadóttir 2. varaforseti á Zoom. Forföll boðuðu Björg Eiríksdóttir gjaldkeri (var í símasambandi), Guðrún Edda Bentsdóttir fyrrverandi landsforseti, Eygló Björnsdóttir vefstjóri, Soffía Vagnsdóttir formaður menntamálanefndar og Katrín Fjóra Guðmundsdóttir menntamálanefnd.

Dagskrá

1. Afmælisþing og aðalfundur 10.-11. maí 2025

- a. Árný fór yfir skráningu á afmælisþingið. Á þessum tímapunkti eru skráningar um eitt hundrað.
- b. Skráning framlengd og ákveðið að hvetja félagskonur til að skrá sig ásamt því að auglýsa ráðstefnuna á sínum samfélagsmiðlum og nærumhverfi og ná þannig til kvenna utan DKG og vekja áhuga þeirra á ráðstefnunni.
- c. Ákveðið að kaupa 150 eintök af minnisbók með penna sem gjöf til ráðstefnugesta. ORF Líftækni mun einnig leggja til gjafir.
- d. Rósa Marta og Vilborg munu sjá um að afhenda merkisþjöld og gjafir við upphaf ráðstefnunnar. Árný mun undirbúa merkisþjöldin.
- e. Afmælisritið mun koma út í hundrað eintökum og verður einnig sett sem pdf-skjal inn á vef DKG. Þar verður ritið einnig sett í sölu fyrirfram. Verðhugmynd á bilinu krónur 3.500 – 5000. Ritnefnd leggur til að fagmaður sjái um útlitshönnun á ritinu og aðeins meira lagt í það en til stóð í upphafi. Var það samþykkt.
- f. Tónlistaratriði á ráðstefnu og hátíðarkvöldverði:
 - i. Bjöllukór Íslands/Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar undir stjórn Karenar Sturlaugsson, félagskonu í Þetadeild kemur fram eftir hádegishléð á ráðstefnunni í Salnum.
 - ii. Söngkvartettinn Barbari skemmtir á hátíðarkvöldverðinum.
 - iii. Soffía Vagnsdóttir stjórnar fjöldasöng.
- g. Farið yfir dagskrá hátíðarkvöldverðs:
 - i. Heiðrun stofnfélaga
 - ii. Hátíðarræða Sigrún Klara Hannesdóttir
 - iii. Söngkvartettinn Barbari
 - iv. FjöldasöngurÁkveðið að fela Soffíu Vagnsdóttur að ræða við Hólfríði Jenný Árnadóttur Þetadeild um veislustjórnun.
- h. Rósir:
 - i. Björg mun sjá um að kaupa rósir fyrir ráðstefnuna og aðalfund.
 - ii. Ásta mun kaupa rósir til að skreyta borðin á hátíðarkvöldverði og koma þeim fyrir.

- i. Aðalfundur verður kl. 10.00 – 13.00 þann 11. maí. Einungis verður boðið upp á hressingu við upphaf fundar.

2. Námsstyrkir

- a. Tvær félagskonur í DKG hafa sótt um styrk til Námsstyrkjanefndar og báðar uppfylla þær öll skilyrði til styrkjar. Stjórn DKG samþykkti tillögu Námsstyrkjanefndar þess efnis að Bryndísi Jónu Jónsdóttur Gammadeild verði veittur styrkur að upphæð krónur 350.000 og Þorgerði Ásdísi Jóhannesdóttur Nýdeild styrkur að upphæð krónur 150.000.

3. Heiðursfélagi

- a. Rætt um forsendur þess að heiðra félagskonur fyrir þeirra störf innan DKG og hvort ætti að halda áfram þeirri vegferð. Fjölmargar félagskonur koma til greina. Ákveðið var að beina því til deildanna að þær heiðri sínar konur til þeirra framlag til samtakanna.
- b. Tillagan um að tilnefna Höllu Tómasdóttur forseta Íslands sem heiðursféлага DKG á Íslandi var borin undir framkvæmdaráð og var hún samþykkt. Málfríður mun fylgja málinu eftir en ekkert hefur verið ákveðið með framkvæmdina ennþá.

4. Önnur mál

- a. Rætt um kynningu á ráðstefnunni út á við og hvernig við getum hvatt konur til að mæta. Rósa Marta setti hvatningarorð inn á Facebook síðu DKG og formenn deilda hvattir til að senda sínum félagskonum póst. Rætt um að búa til status með dagskrá þingsins og tengli inn á skráningu sem félagskonur gætu deilt á Facebook (sjá einnig lið b).

Ekki sett dagsetning á næsta stjórnarfund.

Fundi slitið kl. 14.00

Ásta Egils

Ritari DKG 2024 - 2025